

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Langholt á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. maí 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustulóð við Langholt á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 20. ágúst 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 6. febrúar 2004 til og með 5. mars 2004 með athugasemdafresti til og með 19. mars 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 8. júní 2004.

F.h. Bárðar Guðmundssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa,

Kjartan Sigurbjartsson.